

Leið 1 : Lokað

- Faraldur á uppleið og miklar takmarkanir í gangi í þjóðfélaginu.

Leið 2 : Lokað á lyftur/skiðaganga leyfð

- Faraldur á niðurleið. Reglur frá vorinu 2020 í gildi fyrir skíðagöngu.
- Tveggja metra regla við lýði.

Leið 3 : Lyftur opnar fyrir æfingar barna f. 2005 og síðar/skiðaganga leyfð

- Örfá smit og flestir í sóttkví sem greinast
- Skíðaganga og æfingar barna eru háð því að sóttvarnaráðstafanir skíðasvæða séu í gildi. Ef staðbundnar sýkingar verða innan hlutaðeigandi umdæmis er skíðasvæðum innan þess umdæmis lokað tímabundið.
- Tveggja metra regla við lýði.

Leið 4 : Lyftur og skíðagöngusvæði opin miðað við tilmæli SVL

- Smit í lágmarki og engar staðfestar hópsýkingar. Opið skv. leiðbeiningum, sjá hér fyrir neðan.
- Tveggja metra regla við lýði.
- Einn í hverjum stól.
- Tveggja metra merkingar við byrjun raðar í hverri lyftu.
- Nánari tilmæli má sjá hér að neðan undir „Opið skv. leiðum 4 og 5“.

Leið 5: Lyftur og skíðagöngusvæði opin miðað við tilmæli SVL

- Eins metra regla við lýði.
- Tryggt að þeir sem eru einir á ferð komist í stól með meira en einn meter á milli.
- Eins metra merkingar við byrjun raðar í hverri lyftu.
- Nánari tilmæli má sjá hér að neðan undir „Opið skv. leiðum 4 og 5“.

Leið 6: Skíðasvæðin opin án sérstakra takmarkana en fyllstu varúðar gætt

Opið skv. leiðum 4 og 5:

1. Skíðaskálar: Salerni, veitingasala, kortasala

- Grímuskylda í skálum almennt. *Svokölluð „buff“ duga ef tvöföld fyrir vitum.*
- Leiðbeiningar um hreinlæti á salernum.
- Handsápa og spritt á salernum.
- Þrif a.m.k. tvisvar á dag og kvittað fyrir þeim.
- Veitingasala: Þrif a.m.k. tvisvar á dag og kvittað fyrir þeim.
- Tilmæli að þeir sem ferðast saman á svæði eða fjölskyldur megi vera saman á borði en ef því er ekki komið við skal höfð 1-2 m regla eftir því sem við á.
- Við kortasölu sé 2 m mark á gólfi í röð og tilmæli um 2 m milli manna ásamt því að þar sé grímuskylda. Kostur ef kortasala geti farið fram á netinu að mestu.
- Frekari leiðbeiningar um veitingasölu má finna hér:
<https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/covid-19/20okt/leidbeiningar-fyrir-veitinga-og-gististadi-covid-20.10.2020.pdf>
- Lagt til að veitingasala muni eingöngu selja innpakkaðan mat og nesti leyft.
- Hlaðborð: Sjálfskömmtun bönnuð

2. **Skíðaleiga**
 - Snertifletir þrífir á milli viðskiptavina.
 - Allur búnaður sótthreinsaður eftir hverja leigu.
3. **Lyftur og samskipti við lyftuvörð**
 - Bæði lyftuverðir og viðskiptavinir séu með grímu og passi vel upp á almennt hreinlæti.
 - 1-2 m regla í lyfturöð eftir því sem er í gildi hverju sinni.
 - Snertifletir þrífir eftir daginn.
4. **Gönguskíðabrautin og samskipti í braut, t.d. einstefna og halda fjarlægð**
 - Einstefna sé í fjölförnum brautum.
 - Tilmæli um að fólk sé ekki að stoppa og mynda hópa.
 - Grímuskylda við skála og í upphafi og enda brautar.
5. **Smuraðstaða**
 - Hver og einn sótthreinsar eftir sig ásamt því að vera með grímu.
 - Einn megi vera að vinna við hvern smurbekk og aðrir bíða úti eftir að pláss losni við bekki.
 - Aðstaða þrífir með sótthreinsandi efnum eftir daginn.
6. **Starfsfólk, þjálfarar og foreldrar**
 - Grímuskylda samkvæmt reglugerð heilbrigðisráðuneytis á hverjum tíma.
 - Grunnfræðsla um sóttvarnir og hvernig þeim er háttað í hópi.
7. **Keppnishald (keppendur og áhorfendur), svig og ganga, fullorðnir og börn og aðrir stórir viðburðir**
 - Samkvæmt reglum HRN og ÍSÍ á hverjum tíma um keppnishald. (T.d. bannað í nóv. 2020).
8. **Sóttvarnir þegar slys eða meiðsli verða**
 - Starfsfólk meðvitað um hreinlæti fyrir og eftir snertingu ef hennar er þörf í slysi.
 - Fyllsta hreinlætis gætt í slysum og allur búnaður sótthreinsaður eftir hverja notkun.
 - Fylgja leiðbeiningum um fyrstu hjálp og leiðbeiningum um sóttvarnir.
9. **Upplýsingamiðlun**
 - Samstillt upplýsingamiðlun fyrir skíðasvæðin mætti í grunninn vera á covid.is og aðstoð við grunnhönnun á skiltum og upplýsingaflæði tengdum tilmælum á skíðasvæðum.
 - Samstarf við að koma tilmælum á framfæri milli SSÍ, SKI, Almannavarna og SVL.

Samtök skíðasvæða á Íslandi

Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar – Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins: Bláfjöll / Skálafell – Skíðasvæði Tindastóls –

Skíðasvæðið Skarðsdal – Skíðasvæði Dalvíkur – Hlíðarfjall Akureyri – Skíðasvæði Norðurbings – Skíðasvæðið Oddskarði –

Skíðasvæðið Stafdal

F.h. Samtaka skíðasvæða á Íslandi:



Hlynur Kristinsson, formaður SSÍ | ski@isafjordur.is | 693-3358